Fjármálavit

FJÁRMÁLASTJÓRINN

Spurningar

Svaraðu þessum spurningum.

a **Hvað kom þér mest á óvart við gerð þessa verkefnis?**

b **Er skynsamlegt að geyma fjármuni annarra í minna en ár** eins og fyrirmæli verkefnisins gerðu kröfu um? (í innlendum og erlendum hlutabréfum) **Af hverju eða af hverju ekki?**

c Sagan segir að Júdas hafi fengið 30 silfurpeninga forðum daga fyrir að segja til Jesú. Ekki er nákvæmlega vitað hve þungir þessir peningar gætu hafa verið þótt fornleifauppgröftur frá þessum tíma gefi vísbendingar. Gefum okkur því þessar forsendur:

> **Forsendur**
>
> **30 peningar** úr silfri, hver **15 gr.** að þyngd. Silfursjóður ávaxtaður í **2000 ár** með **3,5% vöxtum**.

Hver væri þyngd sjóðsins í dag miðað við að ávöxtun hvers árs væri bætt við þyngd sjóðs um hver áramót?

(Þetta er reiknað eins og ef 10.000 kr. væru geymdar í banka á 3,5% vöxtum í 10 ár, þ.e. $10.000 \cdot 1{,}035^{10}$)

Er líklegt að svona ávöxtun geti staðist?

Sett í möppu.